

Reykjavík, 11. ágúst 2009

Viðmiðunartilboð Símans um bitastraumsaðgang – Samráð við hagsmunaaðila

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) barst 1. júlí sl. afrit af viðmiðunartilboði Símans um bitastraumsaðgang.

Með ákvörðun PFS nr. [8/2008](#), dags. 18. apríl 2008, um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang (markaður 12), var Síminn hf. útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á markaðinum og lagðar kvaðir á fyrirtækið í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2007. Með ákvörðun þessari og heimild í 29. gr. fjarskiptalaga var m.a. lögð kvöð á Símann um gagnsæi og að útbúa og birta opinberlega viðmiðunartilboð um bitastraumsaðgang og tengda aðstöðu og þjónustu. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar innihélt einnig nánar tiltekna kvaðir á Símann í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga um að veita bitastraumsaðgang, um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá.

Áður en stofnunin tekur afstöðu til þess hvort að það viðmiðunartilboð sem nú hefur verið birt af hálfu Símans, uppfyllir þær kvaðir sem getið er um hér að ofan, sem og hvort það samrýmist ákvæðum fjarskiptalaga að öðru leyti, óskar stofnunin eftir afstöðu yðar til viðmiðunartilboðsins. Frestur til að koma að athugasemdum er gefinn til **1. september n.k.**

Ofangreint viðmiðunartilboð er aðgengilegt á heimasíðu Símans undir slóðinni:

www.siminn.is/heildsala

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um útnefningu Símans með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang (markaður 12) er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar á slóðinni:

http://www.pfs.is/default.aspx?cat_id=247&module_id=210&element_id=1883 (ákvörðun PFS ásamt viðaukum og fylgiskjölum)

Óskað er eftir að umsagnir, athugasemdir og/ eða ábendingar verði sendar á rafrænu formi á netfangið ingahelga@pfs.is en jafnframt er óskað eftir að stofnunin fái send frumrit til skráningar.

Virðingarfyllt,



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Inga Helga Jónsdóttir

Lögfræðingur

Sími: 510 1500

Fax: 510 1509

netfang: ingahelga@pfs.is

www.pfs.is